

MÁLSTOFUVERKEFNI Í FÉL1036

A: VERKLÝSING

1. Verkefnið sem er hópverkefni felur í sér að leita svara við spurningunum tengt tilteknu viðfangsefnin í *ljósi kreppunnar hér á landi*¹ þar sem reynt er að koma fram með sem flest sjónarmið.
2. Málstofuhópurinn samanstendur af 4- 5 nemendum með verkaskiptingu sem hér segir;

(a) Hópstjóri (x2), (b) Tengill, (c) EXCEL-sérfræðingur og (d) Ábyrgðarmaður heimilda
3. Málstofuhóparnir velja á milli tiltekinna verkefna með meðfylgjandi rannsóknarspurningum, sbr. B lið. Þeir geta þó breytt rannsóknarspurningunum í samráði við kennarann. Munið að frumkvæði og frumleiki hækkar einkunn fyrir þetta verkefni.
4. Umræðan í Málstofunni² sjálfri á að taka um 10 mínútur. Það má gjarnan nota ljósmyndir, brot úr myndbandi eða glærur, koma með dæmisögur eða annað það efni sem getur örvað umræður í tímanum. Kynningin verður einnig að tryggja að aðrir nemendur átti sig á meginþáttum viðfangsefnisins. Þess vegna er mikilvægt að ná í heimildir sem varpa ólíku ljósi á það. Auk þess eigið þið að vera gagnrýnin á viðfangsefni ykkar.
5. Síðan eigið þið að stýra umræðum í um 5 mínútur. Gæta að því að umræðan tengist viðfangsefni ykkar og grípið inní ef hún er að fara í annan farveg. Þá þurfið þið að vera tilbúin með spurningar til þess að tryggja að umræða halda áfram.
6. Að lokinni Málstofunni þurfið þið að skila u.þ.b. ½ - 1 bls. **Rapporti**. Nánari upplýsingar verða settar á Námsvefinn þegar þar að kemur.
7. Að lokum eigið þið að skila mér stuttri **greinargerð hvert fyrir sig**, um hvernig hópvinna gekk. Nánari upplýsingar verða settar á Námsvefinn þegar þar að kemur.

René Descartes (1596-1649)

- a) Að hafa ekkert fyrir satt nema það liggi í augum uppi og kveða ekki á um neitt nema það sem stendur manni svo skýrt og greinilega fyrir hugskotssjónum að maður geti ómögulega borið brögður á það.
- b) Að sundurgreina sérhvern vanda í eins marga smáþætti og unnt er til að ráða betur við hann.
- c) Að hugsa í réttri röð, það er að segja byrja á einfaldasta þætti vandans fíkra sig svo áfram til hins flóknasta.
- d) Að sleppa engu og fara yfir alla þætti aftur rækilega til að vera viss um að manni hafi ekki yfirsést neitt.

¹ Sem hófst í október 2008.

² Sjá nánar á Námsvefnum

B: VERKEFNI TIL AÐ VELJA UM³

I: Kreppan og fátækt

Rannsóknarspurningar:

1. Hver hefur þróun fátæktar verið hér á landi frá 1981 til 2011?
2. Er munur á fátækt fyrir og eftir hrun?
3. Hverjir eru þolendur fátæktar - er munur á kyni, kynþætti, búsetu (dreifbýli / þéttbýli), menntun, stétt eða aldri?
4. Af hverju fara þúsundir Íslendinga í verslunarferðir erlendis fyrir jólin á sama tíma og þúsundir heimila þurfa aðstoð (s.s. mataraðstoð) fyrir jólin?
5. Hverjir leita helst eftir aðstoð fyrir jólin?
6. Hver er upplifun barna á heimili sem þarf aðstoð fyrir jólahaldið?

II: Kreppan og atvinnuleysið

Rannsóknarspurningar:

1. Hver hefur þróun atvinnuleysis verið hér á landi frá 1981 til 2011?
2. Hver er munur á atvinnuleysinu fyrir og eftir hrun?
3. Hverjir eru þolendur atvinnuleysisins - er munur á kynþætti, búsetu (dreifbýli / þéttbýli), menntun, stétt eða aldri?
4. Af hverju bitnar atvinnuleysið meira á konum en körlum?
5. Hvað er svona sérstakt við atvinnuleysið á Suðurnesjum?
6. Hver er upplifun barna á heimili þar sem annar eða báðir foreldrar eru atvinnulausir?

III: Kreppan og brottflutningur frá landinu

Rannsóknarspurningar:

1. Hver er þróun brottflutningsins verið hér á landi frá 1961 til 2011?
2. Hverjir eru að flytja frá landinu - er munur á kyni, kynþætti, búsetu (dreifbýli / þéttbýli), menntun, stétt eða aldri?
3. Hver eru tengsl atvinnuleysis og brottflutningsins?
4. Hver eru tengsl starfs og brottflutningsins?
5. Hver er munurinn á brottflutningnum núna og 1967 til 1968?
6. Hver er munurinn á brottflutningnum frá landinu og brottflutningi á Vestfjörðum til suðvesturhornsins?

IV: Kreppan og heimilisofbeldi

Rannsóknarspurningar:

1. Hver hefur þróun heimilisofbeldis verið hér á landi frá 1981 til 2011?
2. Hverjir eru gerendurnir - er munur á kyni, kynþætti, búsetu (dreifbýli / þéttbýli), menntun, stétt eða aldri?
3. Hverjir eru þolendurnir - er munur á kyni, kynþætti, búsetu (dreifbýli / þéttbýli), menntun, stétt eða aldri?
4. Hver eru tengsl heimilisofbeldis og fíkniefnaneyslu?
5. Hvaða úrræði stendur þolendum til boða?
6. Hver er upplifun barna á heimili þar sem ofbeldi er beitt?

Gangi ykkur vel!

³ Þið þurfið að velja fjórar af þeim sex rannsóknarspurningum sem eru í boði.

Ef þið viljið breyta tiltekinni rannsóknarspurningu eða búa til nýja þarf að bera það undir kennarann.

C: Greinargerðin

Þið þurfið þið að skila „texti“ sem er 1 til 3 bls. og liggur til grundvallar flutningi málstofuverkefnis ykkar.

Munið að frumkvæði og/eða frumlegheit í heimildaöflun og/eða framsetningu og gagnrýn hugsun hækkað einkunn ykkar.

Uppbyggingin er þessi - Þetta þarf ekki að vera mjög formleg framsetning.

Inngangur

Þar sem þið reifið;

- (i) hvaða gagna þið öfluðuð ykkur og við hverja þið töluðu
- (ii) hver reynslan var af því að vinna þetta verkefni
- (iii) hvernig samvinnan var m.a. á samráðsfundunum.

Meginmálið

- (i) Þið svarið hverri rannsóknarspurningu fyrir sig á grundvelli gagna ykkar og þið þurfið að byggja tiltekið svar á a.k.m. tveimur sjálfstæðum heimildum.
- (ii) Tölfræði til að einfalda umræðuna og gefa heildarsýn á viðfangsefni ykkar.
- (iii) *Félagsfræðikenningin* – hér fjallið um hana ef þið ætlið að gera það í þessu verkefni

Lokaorð

- (i) stutt samantekt úr svörum við rannsóknarspurningum ykkar og útskýring hvernig þið nýttuð þessi gögn til að byggja upp málstofuverkefnið ykkar.
- (ii) Gagnrýnin afstaða til viðfangsefnis ykkar
- (iii) Mat á þessu verkefni ef vill

Viðauki

Fundargerðir samráðsfundanna.

Þessu skilið þið sem hópur undir „Verkefnið“.

Munið að merkja það með nafni Málstofuhóps ykkar.

D: Leiðbeiningar varðandi undirbúning flutning málstofunnar í tíma:

- Skref 1: Þið veljið viðfangsefni og farið yfir meðfylgjandi rannsóknarspurningar.
Af hverju eru þær mikilvægar?
Breytingar á þessum rannsóknarspurningum þarf að bera undir kennarann.
- Skref 2: Þið notið heimildir m.a 1., 2., 3., 6 og 8. Kafla kennslubókarinnar *Kemur félagsfræði mér við?*
Þið þurfið að finna 6 til 8 aðrar heimildir. Þær sem koma til greina eru,
(a) rannsóknarskýrslur, (b) tímaritsgreinar, (c) viðtöl við sérfræðinga⁴,
(d) viðtöl við venjulegt fólk⁵, (e) greinar á vefnum og (f) bækur um efnið.
Það er mjög mikilvægt að þið finnið heimildir **sem stangast** á t.d
einhverjar sem eru mjög ósammála í viðleitni ykkar til að kynna ólíkum
sjónarmiðum tengdu viðfangsefni ykkar.
- Skref 3: Munið að þið verðið að sjálfsögðu að vera búin að kynna ykkur
heimildirnar áður en þið farið að skrifa textann.
- Skref 4: Mjög gott er að byrja á að skrifa stutt yfirlit yfir það sem þið ætlið að
skrifa sem svar við tiltekinni spurningu.
- Skref 5: Þið svarið rannsóknarspurningunum og kynnið ólík sjónarmið sem
tengjast svari við þeim.
- Skref 6: Þið komist að niðurstöðu og bendið á leiðir til að skoða málið nánar eða
bæta ástandið.
-

⁴ Það er mjög mikilvægt að þið séu vel undir það búni með mjög markvissar spurningar s.s. *Getur þú bent mér á rannsóknarskýrslu um ...?*

⁵ Hér þurfið þið að tala við a.m.k. 4 af hvoru kyni. Sjá nánar bls. 39-42 í *Hvernig veit ég að ég veit?* og dæmi um slíkt viðtal undir *Málstofan* á námsvefnum.

E: RAPPORTIÐ

Að lokinni Málstofunni þurfið þið að skila því sem hópur og lengdin er u.þ.b. ½ - 1 bls.

Það sem á að koma þar fram er;

(a) Þið eigið að meta **málstofuverkefnið** ykkar og skrifa um hvernig ykkur fannst þetta ganga, hvað gekk vel, hvað illa og hvað mætti betur fara og svo frv.

(b) Þið eigið að gera grein fyrir þeirri **sýn á viðfangsefni** ykkar sem þið kynntuð í Málstofunni og koma væntanlega fram á glærunum.

(c) Þið eigið að tengja þessa umræðu **námsefninu** þ.e.a.s. hvaða hugtök og/eða hvaða efni úr kennslubókinni nýttuð þið ykkur?

(d) Þá eigið þið að meta **samvinnuna innan hópsins** hvað gekk vel, hvað illa og hvað hefði mátt bæta.

Þessu skilið þið sem hópur undir „Verkefnið“. Munið að merkja það númeri hópsins ykkar